



Hjarðarnes 1968



Hjarðarnes 2007



Hjarðarnes 1968



Hjarðarnes 2007



Andmæli vegna tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar efnistöku Björgunar hf af hafsbotni í Hvalfirði.

Ég undirritaður einn af eigendum Hjarðarnes, Kjalarnesi, Sigursteinn Jósefsson kt 110446-7219. Fer fram á það fyrir hönd eigenda að malarnám Björgunar af hafsbotni í Hvalfirði verði stöðvuð vegna stóraukins landrofs í fjörunni við Hjarðarnes.

Ég hef fylgst með umræðunni um malarnám af botni fjarðarins undanfarna áratugi og hef ekki séð breytingu á landi Hjarðarnes fyrr en um og eftir um síðustu aldamót og til dagsins í dag. Það er vegna þess að í landi Hjarðarnes var sæstrengur yfir fjörðinn sem var fjarlægður í kringum aldamótin. Eftir það hóf Björgun uppdælingu á mól fyrir utan land Hjarðarness og fljótlega upp úr því fór að sjá verulega á fjörunni vegna landrofs.

Árið 1984 var lagður vegur í fjörunni fyrir neðan klett og tún sem var þar fyrir neðan og nú er svo komið að vegurinn er með öllu horfin og túnið líka allt upp að klettinum.

Vegur þessi var lagður af undirbúningsnefnd Spalar og var notaður til að flytja Jarðbora og vinnuvélar vegna tilraunaborana í jarðlög vegna fyrirhugaðar gangnagerðar.

Fari fram sem horfir mun kletturinn verða eyland innan fárra ára vegna þess að land fyrir innan klettinn er lægra en land sem nú þegar er horfið. Um er að ræða ca.150-200 metra inn frá núverandi fjörukambi þar til landið hækkar á ný.

Árið 1997 þegar hafist var handa að gera göngin för Ístak þarna um með stórvirkar vinnuvélar, jarðbora og steypubíla vegna fóðrunar á bergi fyrir ofan göngin þá var vegurinn óskemmdur. En hann er horfinn nú.

Meðfylgjandi er litprentað kort sem fengið er úr tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar efnistöku Björgunar af hafsbotni í Hvalfirði og sýnir það hversu gríðarleg fyrirhuguð stækkun á malarnámi er fyrir framan Hjarðarnes. Núverandi svæði á Laufagrunni er merkt með rauðu(6,62 ha) og einnig sjást útlínur á fyrirhuguðu námasvæði(267,4ha). Það sér það hver maður að áhrif stækkunar á námasvæðinu úr 6,62ha í 267,4ha mun hafa gríðarleg áhrif á landrof á þessu svæði. Er það því krafa mín að malarnám af botni Hvalfjarðar verði hætt og að grjótvörn verði sett í fjöruna til að fyrirbyggja frekara landrof. Einnig að valin verði núllstaða eins og lýst er í tillögu VGKHönnunar.

Meðfylgjandi skjöl:

Kort af fyrirhugaðri stækkun á námasvæði í Hvalfirði
Myndir sem sýna landrof sem hefur orðið á tiltölulega skömmum tíma.
Skjal frá fyrrum ábúanda á jörðinni Skúla Geirssyni.
Skjal frá starfsmanni Rarik, Ólafi Magnússyni

Sent á:

Skipulagsstofnun
Landbúnaðarstofnun
Siglingastofnun
Hafrannsóknarstofnun
Umhverfisstofnun
Orkustofnun
Kjósarhrepp
Unhverfisnefnd Hvalfjarðarsveitar
VGK-Hönnun hf
Jarðfræðistofa K.Thors ehf

Virðingarfyllst,

Sigursteinn Jósefsson
Fagrabrekka 33
200 Kópavogur
S:554-3883/866-8000
VS:569-4000

HJARÐARNES

Að beiðni Sigursteins Jósepssonar, bónda í Hjarðarnesi, fór ég og skoðaði landbrot þar vegna sjávangangs, en ég var heimilisfastur í Hjarðarnesi frá 1959 – 1968.

Mikil landeyðing hefur orðið þarna síðan ég flutti burt og má helst merkja það á því að neðst í túninu er hóll kallaður „Hjallhóll” og neðst í honum (sjávarmegin) er klettur.

Á árum mínum í Hjarðarnesi stóð kofi neðan við klettinn og á sjávarbakkanum þar fyrir framan var vegur vestur á túnið, nú er þetta allt horfið og sjórinn nánast kominn upp að klettinum. Sjávarbakkinn, bæði austan og vestan megin við klettinn hefur eyðst svipað, þó mun meira vestan megin.

Skúli Geirsson 010233 3999.

- 2007** **14. febrúar 2007.** Einar Indriðason, eigandi Mela á Kjalarnesi, hefur samband við Orkustofnun vegna breytinga á fjörum.
- 19. mars 2007.** Skipulagsstofnun auglýsir og sendir út til umsagnar tillögu Björgunar að matsáætlun um efnistöku í Kollafirði.
- 27. mars 2007.** Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem íslenska ríkið er sýknað af kröfum Björgunar um að úrskurður umhverfissráðherra verði felldur úr gildi.
- 16. apríl 2007.** Anna M. Sigurðardóttir, eigandi Saurbæjar á Kjalarnesi, hefur samband við Orkustofnun vegna breytinga á fjörum.
- 20. apríl 2007.** Sigursteinn Jósepson, eigandi Hjarðarness á Kjalarnesi, hefur samband við Orkustofnun vegna breytinga á fjörum.
- 4. júlí 2007.** Ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna efnistöku í Kollafirði.
- 27. september 2007.** Hæstiréttur staðfestir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.
- 14. október 2007.** Guðni Indriðason, , eigandi Mela á Kjalarnesi, hefur samband við Orkustofnun vegna breytinga á fjörum.
- 13. nóvember 2007.** Skipulagsstofnun auglýsir og sendir út til umsagnar tillögu Björgunar að matsáætlun um efnistöku í **Hvalfirði.**
- 2008** **24. janúar 2008.** Skipulagsstofnun auglýsir og sendir út til umsagnar tillögu Björgunar að matsáætlun um efnistöku í sunnanverðum Faxaflóa.
- 21. febrúar 2008.** Ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna efnistöku í **Hvalfirði.**
- 4. apríl 2008.** Ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna efnistöku í sunnanverðum Faxaflóa.
- 9. júní 2008.** Lög nr. 68/2008, sem kveða m.a. á um breytingar á lögum nr. 73/1990. Iðnaðarráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald að hluta eða öllu leyti.
- 16. júní 2008.** Skipulagsstofnun auglýsir og sendir út til umsagnar frummatsskýrslu Björgunar um efnistöku í Kollafirði.
- 10. júlí 2008.** Iðnaðarráðherra felur Orkustofnun að fara með leyfisveitingarvald að öllu leyti skv. lögum nr. 73/1990 frá og með 1. ágúst 2008.
- 24. júlí 2008.** Björgun heldur fund í Fólkvangi á Kjalarnesi til að kynna frummatsskýrslu sína um efnistöku í Kollafirði. Fundur auglýstur samdægurs.
- Sept./okt. 2008.** Frummatsskýrsla Björgunar um efnistöku í **Hvalfirði** væntanleg.


Uppbyggður vegur gerður árið 1984

af undirbúningsnefnd Spalar.

**Istak notaði þennan veg árið 1997 fyrir stórvirkar
vinnuvélar og tæki. Um hann fóru vörubílar, steypubílar
og stórir jarðborar.**

Vegurinn var nánast óskemmdur þá.

Hann er horfinn með öllu núna.





Vegur lagður 1984
Mynd tekin Okt.2006

Minnispunktur er tengjast efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði og víðar

- 1963** Björgun byrjar sanddælingu í Hvalfirði upp úr 1960.
- 1975** Laxárvogur innan við línu milli Hálsness og Eyrar fer á náttúruminjaskrá (1. útgáfa).
Beiðni til iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs frá Hjalta Sigurbjörnssyni á Kiðafelli um að sanddælingu sé hætt til að forða frekari skemmdum á ströndinni.
- 1977** Beiðni til Náttúruverndarráðs frá Birni Sigurbjörnssyni um að láta gera ráðstafanir til að strandlengja Hvalfjarðar verði ekki skemmd frekar.
- 1984** Andríðsey fer á náttúruminjaskrá (4. útgáfa).
- 1990** 31. maí 1990. Lög nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins tóku gildi.
28. ágúst 1990. Iðnaðarráðuneytið veitir Björgun leyfi til efnistöku næstu 30 ár, m.a. í Kollafirði, Hvalfirði og umhverfis Syðra Hraun í Faxaflóa.
- 1996** Ósmelur og Hvalfjarðareyri fara á náttúruminjaskrá (7. útgáfa).
- 1997** (Orkustofnun skoðar Hvalfjarðareyrina eftir að kvartanir hafa borist).
- 2000** 6. júní 2000. Lög nr. 101/2000 um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins nr. 73/1990. Leyfishafar halda leyfum í 5 ár frá gildistöku laganna.
- 2005** **6. júní 2005.** Leyfi Björgunar frá 1990 í Kollafirði, Hvalfirði og umhverfis Syðra Hraun í Faxaflóa rennur út.
23. nóvember 2005. Tilkynning Björgunar til Skipulagsstofnunar um að sækja um endurnýjun leyfis til efnistöku í Kollafirði 2006-2016.
- 2006** **13. febrúar.** Iðnaðarráðuneytið framlengir leyfi Björgunar með takmörkunum til 6. júní 2006.
20. mars 2006. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að efnistaka í Kollafirði skuli fara í mat á umhverfisáhrifum.
18. apríl 2006. Björgun kærir ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra.
13. nóvember 2006. Iðnaðarráðuneytið framlengir leyfi Björgunar með margvíslegum takmörkunum til 1. september 2008. Orkustofnun verður eftirlitsaðili með leyfinu.
15. nóvember 2006. Úrskurður umhverfisráðherra um að efnistaka í Kollafirði skuli sæta mati á umhverfisáhrifum.
29. nóvember 2006. (Kjósarhreppur)
19. desember 2006. (Hvalfjarðarsveit)

Landbrot við Hjarðarnes í Hvalfirði.

Undirritaður sem er starfsmaður RARIK, og var um skeið rafveitustjóri Kjósarveitu, átti á árunum 1988, til 1998 oft erindi að Hjarðarnesi.

Endamastur háspennulínu fyrir Akranes var á hólum ofan við fjörukambinn, og þar var einnig endabúnaður 66kV sæstrengs yfir fjörðinn.

Mánaðarlegt eftirlit var með olíuþrýstingi á sæstrengnum, en einnig urðu á strengnum bilanir, sem ullu tímafrekum viðgerðum, og var þá Hjarðarnes miðstöð viðgerðarliðsins.

Það gat því ekki farið hjá því að ég yrði nokkuð staðkunnugur þarna við fjöruna.

Eftir að línan var tekin úr rekstri og fjarlægð 1998, hef ég ekki komið á þennan stað, fyrr en 24.11.07. En þá fór ég að beiðni Sigursteins Jósefssonar með honum til að skoða þær breytingar sem orðið hefðu á þessum tíma.

Það fer ekki á milli mála að þarna hefur orðið talsvert landbrot, og sjávarbakkinn hefur hopað um að minnsta kosti 2-3 metra. Vegar slóði sem lagður var vegna undirbúnings

Hvalfjarðarganga er alveg horfinn, og staður þar sem sjómerki voru 2m frá sjávarkambinum, er nú neðan við kambinn.

Einnig er ljóst að sandfjaran sem áður var talsvert breið, hefur rýrnað mikið, og í staðinn má sjá fjörugrjót í meira mæli.

Ólafur Magnússon 15.11.38.-3309

Kópavogur 04. október 2007

Umhverfisstofnun
b/t Bryndís Róbertsdóttir

Ég undirritaður einn af eigendum Hjarðarnes, Kjalarnesi, Sigursteinn Jósefsson kt 110446-7219. Fer fram á það fyrir hönd eigenda að malarnám í Hvalfirði verði stöðvuð vegna þess að það stórsér á fjörunni í Hjarðarnesi. Ég hef fylgst með umræðunni um sandnám af botni fjarðarins undanfarna áratugi og hef ekki séð breytingu á landi Hjarðarnes fyrr en um og eftir um síðustu aldamót og til dagsins í dag. Það er vegna þess að í landi Hjarðarnes var sæstrengur yfir fjörðinn sem var fjarlægður í kringum aldamótin. Eftir það hóf Björgun uppðælingu á mól fyrir utan land Hjarðarnes og fljótlega upp úr því fór að sjá verulega á fjörunni vegna landrofs.

Árið 1984 var lagður vegur í fjörunni fyrir neðan klett og tún sem var þar fyrir neðan og nú er svo komið að vegurinn er með öllu horfin og túnið líka allt upp að klettinum.

Fari fram sem horfi mun kletturinn verða eyland innan fárra ára.

Vegur þessi var lagður af undirbúningsnefnd Spalar og notaður til að flytja Jarðbora og vinnuvélar vegna tilraunaborana í jarðlög vegna fyrirhugaðar gangnagerðar.


Árið 1997 þegar hafist var handa að gera göngin fór Ístak þarna um með stórvirkar vinnuvélar, jarðbora og steypubíla vegna fóðrunar á bergi fyrir ofan göngin þá var vegurinn óskemmdur. En hann er horfinn nú. Er það því krafa mín að malarnám af botni Hvalfjarðar verði hætt og að grjótvörn verði sett í fjöruna til að fyrirbyggja frekara landrof.

Athugið, ég vil að það komi fram að ég hef verið tengdur þessari jörð frá barnsaldri og tel mig þar af leiðandi dómbæran á breytingu ásjónu jarðarinnar.


Meðfylgjandi er myndir. Einnig skjal frá fyrrum ábúanda á jörðinni.

Virðingarfyllst,

Sigursteinn Jósefsson
Fagrabrekka 33, Kópavogi
sími 554 3883, 866-8000
Vinnusími 569 4018
sigursteinnj@hotmail.com



Mynd 2.2 Núverandi námur í Hvalfyrri, yfirlit. Einnig eru sýnd efnistökusvæði, sem sækja á um fyrir næsta leyfistímabil.



Mynd 4.1 Tökustaðir botnsýna í lífríkisrannsókn.